



Skipulagsnefnd – 7.12.2015

19. fundur

9. desember 2015 kl. 13:00-14:45

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Karl Emil Sveinsson (varamaður)

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Breyting á deiliskipulagi.*
2. *Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi.*
3. *Hofstaðir. Tillaga að deiliskipulagi.*
4. *Vikraborgir við Óskju. Tillaga að deiliskipulagi.*
5. *Vogajörðin. Tillaga að deiliskipulagi sameignarlands.*
6. *Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Textabreyting.*
7. *Svartárvirkjun í Bárðardal. Breyting á Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023.*
8. *Þjónustusvæði við Dettifoss. Stofnun lóðar.*
9. *Fundardagar skipulagsnefndar á vormisseri.*

1. Deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar. Breyting á deiliskipulagi.

S20120204

Tekið fyrir að nýju, en deiliskipulag þéttbýlis Reykjahlíðar var staðfest þann 23. febrúar 2015.

Við deiliskipulagsgerðina var ákveðið að fresta vinnu við skipulag miðsvæðis (reitur 113-M skv. Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023) þar sem lega Sauðahellis lá

B.R.
K.H.

ekki ljós fyrir og þar af leiðandi voru ekki nægjanlegar forsendur til að ljúka skipulagsvinnu á svæðinu. Fyrr á þessu ári var Árni Hjartarson, jarðfræðingur, fenginn til að mæla upp og kortleggja hellinn og liggur niðurstaðan af þeirri vinnu nú fyrir og er því ekkert til fyrirstöðu að ljúka deiliskipulagsvinnu á miðsvæðinu.

Sveitarstjórn samþykkti þann 10. júní 2015, skv. tillögu skipulagsnefndar, að lokið yrði við gerð deiliskipulags þéttbýlis Reykjahlíðar eins og ráðgert var í upphafi og jafnframt heimilaði sveitarstjórn að samið yrði við Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónsson og félaga ehf um að ljúka verkinu í samræmi við þær hugmyndir sem rætt var um á fundi nefndarinnar 1. júní s.l.

Árni Ólafsson, arkitekt, og Lilja Filippusdóttir, landslagsarkitekt, frá Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf, komu á síðasta fund nefndarinnar og fóru yfir skipulagshugmyndir sem þau höfðu unnið á miðsvæðinu, á reit 113-M og svæði norðan Austurlandsvegur og vestan Múlavegar.

Lilja Filippusdóttir kemur á fundinn og gerir grein fyrir tillögum þar sem unnið hefur verið nánar með hugmyndir sem kynntar voru og ræddar á síðasta fundi nefndarinnar.

Lagt fram til kynningar. Nefndin lýsir ánægju sinni með tillögurnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að vinna áfram að framgangi málsins.

2. Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi S20150601

Tekið fyrir að nýju erindi frá Auði Andrésdóttur f.h. Neyðarlínunnar ohf þar sem óskað er eftir heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að vinna deiliskipulag vegna 8-10 KW smávirkjunar við Vaðöldu skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu dags. í júní 2015. Erindið var síðast á dagskrá nefndarinnar þann 17. ágúst s.l.

Neyðarlínan ohf. fyrirhugar að byggja litla heimarafstöð sunnan við Vaðöldu í Skútustaðahreppi. Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar þarf að vinna deiliskipulag vegna þessa til að geta gefið út framkvæmda- og byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Umsækjanda var heimilað á fundi skipulagsnefndar 23. júní s.l. að vinna deiliskipulags skv. umræddri skipulagslýsingu og var leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Athugasemda- og umsagnarfrestur var frá og með 9. júlí til og með 30. júlí s.l.

Umsagnir og/eða athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Forsætisráðuneytinu, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun (UST), og Hjörleifi Gottormssyni. Skipulagsstofnun og Vegagerðin gerðu ekki athugasemdir við lýsinguna. Athugasemdir bárust frá Vatnajökulspjöggarði og Landvernd eftir að umsagnarfresti lauk.

J.R.
H.H.

Í athugasemdum sem bárust er bent á að kanna aðra staðsetningu heimarafstöðvar og aðra virkjunarkosti sem hafi minni umhverfisáhrif en vatnsaflsvirkjun. Vettvangsferð var farin á framkvæmdasvæðið í ágúst 2015. Þátttakendur voru fulltrúar Neyðarlínunnar, Mannvits, Vatnajökulspjóðgarðs og Skútustaðahrepps. Í ferðinni komu fram ábendingar og tillögur sem tekið hefur verið tillit til varðandi frekari útfærslu á fyrirkomulagi, staðsetningu og umfangi mannvirkja og þannig dregið úr umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Innkomin ný gögn dags. 1. desember 2015, tillaga að deiliskipulagi, uppdráttur með greinargerð þar sem búið er að taka tillit til athugasemda sem bárust við skipulagslýsingunni.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna og forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

3. Hofstaðir. Tillaga að deiliskipulagi. S20151201

Erindi dags 26. nóvember 2015 frá Ástu Hermannsdóttur f.h. Minjastofnunar Íslands þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af gamla bæjarstæði Hofstaða og næsta nágrennis þess á kostnað M.Í. skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu, *Skipulagslýsing í nóvember 2015* frá Teiknistofu Norðurlands. Megnið af svæðinu verður skilgreint sem minjaverndarsvæði en gert verður ráð fyrir að tún verði nýtt á sama hátt og verið hefur.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

4. Vikraborgir við Öskju. Tillaga að deiliskipulagi. S20151202

Erindi dags. 2. desember frá Einari E. Sæmundsen f.h. Vatnajökulspjóðgarðs þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af áningarstað í Vikraborgum við Öskju á kostnað VJB skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu, *Skipulagslýsing í nóvember 2015* frá Landmótun sf.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

B.R.
H.H.

5. Vogajörðin. Deiliskipulag sameignarlands.

S20151002

Erindi dags. 2. desember frá Jóhanni Kristjánssyni f.h. landeigenda Voga þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af sameignarlandi Vogajarðarinnar á kostnað landeigenda skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu, *ÓSKIPT LAND VOGA, SKÚTUSTAÐAHREPPI SKIPULAGSLÝSING V/DEILISKIPULAGS DESEMBER 2015* frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

6. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Textabreyting.

S20120203

Lögð fram tillaga um að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að ákvæðum í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 um óbyggð svæði verði breytt til samræmis við ákvæði nýrrar deiliskipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Tilfni breytingarinnar er aukinn ferðamannastraumur og þörf fyrir að koma upp lágamarksaðstöðu á helstu áningar- og áfangastöðum í óbyggðum. Breytingin verði til þess að ekki leiki vafi á að slík mannvirkjagerð verði heimil án breytinga á aðalskipulagi eða sérmerkingar á aðalskipulagsupprætti.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði óverulegar textabreytingar í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem heimilað verði að byggja allt að 30 m² salernis- og/eða aðstöðuhús í óbyggðum á áningar- og áfangastöðum ferðamanna án breytinga á aðalskipulagi eða sérmerkingar á aðalskipulagsupprætti. Jafnframt leggur nefndin til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð vegna breytingarinnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

7. Svartárvirkjun í Bárðardal. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

S20120203

Tekið fyrir að nýju erindi dags 29. apríl 2015 frá Þórhildi Guðmundsdóttur f.h. VERKÍS ehf og SSB Orku ehf þar sem óskað er eftir því að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 í samræmi við 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lagningar jarðstrengs og ljósleiðara. Málið var áður á dagskrá nefndarinnar 4. maí og 1. Júní s.l.

Lagt var fram breytingarblað frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gerð er grein fyrir legu jarðstrengs og ljósleiðarar innan sveitarfélagamarka Skútustaðahrepps.

Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við málsmeðferð sem óverulega breytingu á aðalskipulagi og taldi að um verulega breytingu væri að ræða skv. 30.-32. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

J.R.
H.A.

Lögð fram lýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 dags 4. desember 2015 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulagsnefnd samþykkir lýsinguna fyrir sitt leyti og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hafna fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

8. Dettifoss þjónustusvæði. Stofnun lóðar.
S20130306

Erindi dags. 27. nóvember 2015 frá Hafsteini S. Hafsteinssyni f.h.Fjármála- og efnahagsráðuneytisins (Ríkissjóðs Íslands) þar sem óskað er eftir heimild til að stofna sérstaka 542 m² lóð fyrir snyrtingar út úr *Þjónustulóð við Dettifoss*, landnr. 222514. Fylgigögn með erindinu eru hnitsettur lóðaruppdráttur og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá. Helgi Héðinsson vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórna að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðina í fasteingargrunni Þjóðskrár.

9. Fundardagar skipulagsnefndar á vormisseri.

Lögð fram eftirfarandi tillaga að fundardögum á vormisseri:

18. janúar, 15. febrúar, 14. mars, 18. apríl, 17. maí (þriðjudagur eftir hvítasunnu) og 13. júní.

Tillaga að bókun:

Skipulagsnefnd samþykkir þessa fundardaga.

Fundi slitið.

Helgi Héðinsson
Kor Steingrimsdóttir
Guðrún Þorvaldsson
Birgir Steingrimsdóttir